



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Eyrarlandsvegur 28 - 600 Akureyri Ísland - sími +354 4551555 - fax +354 4551556 - netfang [ma@ma.is](mailto:ma@ma.is) - kt: 460269-5129

Kæri nýnemi.

Með þessu bréfi vil ég bjóða þig velkomna/velkominn í Menntaskólann á Akureyri.

Það er mikilvægt að þú kynsir þér skólann sem vinnustað þar sem ætlast er til þess að allir geri sitt besta. Skólinn býður þér upp á góða menntun og með framlagi þínu til félagslífs verður þú hluti af öfluglu félagsstarfi skólans.

Til þess að staðfesta umsóknina þarftu að greiða **31.500 kr.** Greiðsluseðill kemur í heimabanka ef þú hefur aðgang að slíku en annars í heimabanka foreldra. Gjaldið skiptist í innritunargjald, 12.000 kr., þjónustu- og efnisgjald 10.000 kr., árgjald í skólafélag Menntaskólans á Akureyri, 7.500 kr. og í sjóði skólans, Nemendasjóð og Skólasjóð, 1.000 kr. í hvorn sjóð. Óskir þú eftir því að vera ekki félagi í skólafélaginu með þeim réttindum sem það veitir eða greiða í sjóðina tvo getur þú fengið gjöldin endurgreidd hjá fjármálastjóra frá 25. september – 2. október 2012.

Gjaldþagi er 12. júlí og eindagi 30. júlí og ef greiðsluseðill er ekki greiddur fyrir eindaga er litið svo á að skólavist hafi verið afþökkuð. Vinsamlegast tilkynnið þó einnig í síma 455-1555 eða [ma@ma.is](mailto:ma@ma.is) ef ekki stendur til að þiggja skólavist.

Í haust verður annar greiðsluseðill sendur í heimabanka nemenda eða foreldra vegna efnisgjalds í Íslandsáföngum og velgengnisdögum, samtals **11.000 kr.** fyrir skólaárið. Efnisgjaldið kemur í stað bókakostnaðar í þeim áföngum og er einnig nýtt í námsferðir.

Skólinn verður settur fimmtudaginn **13. september** kl. 10:30 á HÓLUM en þar er aðalinngangurinn í skólann. Allir nemendur og forráðamenn eru hvattir til að koma að skólasetningu.

Menntaskólinn á Akureyri er bekkjaskóli og er nemendum raðað í bekki eftir námssviðum og eftir því hvort þeir völdu frönsku eða þýsku. Í skólanum er áfangakerfi, tvær annir á skólaári og próf í lok hvorrar annar, í janúar og júní. Athugið að **ekki** er hægt að óska eftir bekkjarfélögum.

Stuttu fyrir skólabyrjun verður hægt að sjá bekkjaskipan, bókalista og stundaskrá inn á Innu. Nemendur fá þá einnig MA-netfang en það netfang er notað í öllum tölvupóstsamskiptum skólans. Skólafélagið Huginn heldur skiptibókamarkað í upphafi skólaárs.

Skólinn gerir ekki kröfu um að nemendur eigi fartölvur enda eru í skólanum tölvur nemendum til afnota utan kennslustunda. Mikil áhersla er hins vegar á verkefnabundið nám í Íslandsáföngunum sem er helmingur af námi nemenda á 1. ári og þar getur því verið gagnlegt fyrir nemendur að vera með fartölvu.

Nemendur sem stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á **jöfnunarstyrk**. Allar upplýsingar um hann er að finna á [www.lin.is](http://www.lin.is).

Skrifstofur skólans eru lokaðar vegna sumarleyfa frá og með 29. júní til 13. ágúst. Unnt er að koma skilaboðum til skólans í tölvupósti á netfang skólans sem er [ma@ma.is](mailto:ma@ma.is).

Það eru mikil umskipti að koma úr grunnskóla í framhaldsskóla, þú berð sjálf/ur ábyrgð á námi þínu en við höfum mikinn áhuga á að þér gangi vel. Það skiptir öllu að þú komir í skólann til þess að gera þitt besta og leggir þig fram um að gera dvöl þína í Menntaskólanum á Akureyri gagnlega og skemmtilega.

Frekari upplýsingar um skólann og skólabyrjunina verða sendar í byrjun september.

Með bestu kveðjum og ósk um velfarnað í Menntaskólanum á Akureyri.  
Akureyri í júní 2012

Jón Már Héðinsson  
skólameistari